

**Ed.**

**99. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 24, 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Flutningsm.: Jónas Kristjánsson.

Á eftir 9. gr. komi ný grein, sem verður 10. gr., svo hljóðandi:

Nú er maður smitberi eða grunaður um að vera smitberi einhvers þess sjúkdóms, er getur um í 2. gr., og er heilbrigðisstjórninni þá heimilt, þegar benni þykir ástæða til, að fara með hann eins og bann væri haldinn af eða grunaður um að vera haldinn af þeim sjúkdómi.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

**Greinargerð.**

Siðan lögin um útbreiðslu næmra sjúkdóma voru samin, hefir læknisfræðin leitt það í ljós um sumu næma sjúkdóma, að menn geta gengið með sýklana, sem orsaka þessa sjúkdóma, þó sjálfir sjeu þeir ósjúkir. Geta þessir menn þá smitað menn hópum saman, eins og reynslan hefir sýnt með taugaveiki á ýmsum stöðum hin síðari árin. Þeir menn, sem grunaðir eru um að vera sýkilberar, eru oft ófúsir á að láta rannsaka sig, og veitir því ekki af lagaheimild til þess, að þessir menn sjeu teknir í sjúkrahús og rannsakaðir, og því næst gerðar ráðstafanir til þess að verja alþýðu gegn smitun frá þeim, ef þeir reynast sýkilberar.